

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald $1\frac{1}{2}\%$ af öllum eignum búans — þar með talin búshelt maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

2. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Skráningargjald fyrir kaupmála skal þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 75 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 24/1971) orðist svo:

Með 0.25% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum og skipum

yfir 5 brúttósmálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

2. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 24/1971) falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til loka þess árs.

Gjört að Bessastöðum 27. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.